

lagi. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyrri en áreiðanlega 77 er sannað með lögmatrí skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og fullnægi hinum 3. sept. settu skilyrðum. Jafntramt þeirri skoðunargjörð skal húsið virt, og skal því jafnan haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir upphæð þeirri, er það er virt á. Verði farið að nota húsið til íbúðar áður en það er fullgjört, verður að váttryggja það þá þegar. Húsið skal að minnsta kosti gjört byggjanlegt sama árið og lánið er tekið, og fullgjört eigi síðar en 30. júní árið eftir. Að öðru leyti er lántöku-leyfi þetta því skilyrði bundið, að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6%.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Breyting

á reglugjörð fyrir matarhæfi fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík, dagsettri 22. júní 1874.

Í staðinn fyrir:

6 pd. af saltfiski eða blautfiski
komi: 6 pd. af saltfiski eða 9 pund af blautfiski.
Reykjavík, 28. ágúst 1901.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Auglýsing

um breytingu á yfirsetukvennaumdæmum í Norðurmúlasýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Austuramtinu, er hjermeð 10. yfir- 25. júlí setukvennaumdæmi Norðurmúlasýslu (Vopnafjarðarhreppur) breytt þannig, að hjereptir verður 10. yfirsetukvennaumdæmið: Selárdalur með Strönd og Vesturárdalur með Norður Skálanesi, en 11. umdæmið verður: Hofsárdalur og hinn hluti Vopnafjarðarhrepps, og 12. umdæmið verður Skeggjastadahreppur.

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 25. júlí 1901.

Páll Briem.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld »Framfarasjóðs Jóns prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs« fyrir árið 1900.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1899:

a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýrleik,
virt á kr. 800 00

Flyt: kr. 800 00